# Náttúran í nýju ljósi
## Hundar

Örstutt um myndbandið: Myndbandið fjallar um villta og tamda hunda, helstu einkenni þeirra og lífshætti. Skoðað er hvernig hundurinn hefur í gegnum tíðina fengið fjölþætt hlutverk í samfélagi manna og hvernig hundar nýta sér eðlislæga eiginleika í náttúrunni og í sambúðinni við manninn.

Efnisþráður: Um svipað leyti og risaeðlurnar dóu út kom fram á sjónarsviðið skepna sem líktist hundi. Þessi skepna þróaðist síðan í úlf. Fyrir u.þb. 18.000 árum komust úlfarnir í tæri við mennina sem eltust við sömu bráð og þeir. Nokkrir úlfar gengu í lið með mönnunum og breyttust þar með úr villihundum í gæludýr. Allir hundar eru með langa kjálka og beittar tennur sem til þarf þegar góma á stór veiðidýr og vinna á beinum og hræjum. Þeir stjórnast af þremur skilningarvitum: sjóninni, heyrninni og lyktarskyninu, en í nefi hundsins eru fjörutíu sinnum fleiri lyktnæmar frumur en í mannsnefi. Lyktarskynið gefur hundinum meiri upplýsingar en hin skilningarvitin samanlögð.

Markmið/meginviðfangsefni:
– Að þekkja helstu sameiginleg einkenni hundaættarinnar
– Að skilja hvernig maðurinn hefur nýtt sér eðlislæga eiginleika hunda
– Að geta flokkað hundinn innan dýraríkisins
– Að átta sig á þróun hunda

Helstu atriði og hugtök:
– úlfar
– eyðimerkurrefur
– mjóhundur
– að mása
– vöðvaafl
– tryggð hunda
– foringi
– dingo
– veiðieðli
– lyktarskyn
– sjón
– heyrn
– feldur
– litamerki felds
– ýlfur
– gól
– veiðihundar
– leitarhundar
– fjárhundar
– sleðahundar
– hátíðnihljóð
– varúlfur
– hlutverk hunda í samfélagi manna
– klær
– kjálkar
– tennur
– villihundar
– kjölturakkar

Hugmyndir að verkefnum:
– Atferli heimilishunda. Flokka atferli hundsins eftir því hvort það er lært eða eðlislægt
– Bera saman atferli refa og úlfa svo sem veiðar
– Kanna þróun heimilishunda frá því fyrir 30 milljónum ára
– Kynna sér þróun samskipta manna og hunda og nefna ýmis dæmi um hagnýtingu hunda nú á dögum
– Finna út fylkingu, flokk, ættbálk og ættkvísl heimilishunda
– Allir hundar eru sama tegundin í líffræðilegum skilningi. Finna skilgreiningu á hugtakinu tegund
– Skoða atferli í hópum villihunda. Hver er kostur þess að veiða í hóp?
– Líkamsgerð hunda og heiti allra líkamshluta. Skoða meðgöngu, got, hvolpa og umönnun þeirra.

– Kunna hugtökin tík, hundur, hvolpur o.fl.
– Bera saman feld hundategunda og reyna að ráða af því hvort þeir veiða einir eða í hópi
– Hvernig nýta menn sér lyktarskyn hunda og hvaða hundakyn hafa menn helst þjálfað til þannig starfa
– Leita upplýsinga um afrek hunda
– Hundurinn sem húsdýr. Bera saman við önnur húsdýr. Æxlun, umönnun afkvæma o.s.frv.

Til umræðu:
– Ástæður þess að fólk fær sér hund og hvað ræður því hvernig hundur verður fyrir valinu
– Hvernig kæla hundar líkamann?
– Hundar éta hratt og mikið. Af hverju?

Tengsl við námskrá:
Um hlutverk og eðli náttúruvísinda: viðhorf til umhverfis, náttúru og vísinda
Úr lífvísindum: einkenni og fjölbreytni lífvera; erfðir, aðlögun, þróun; tengsl lífvera innbyrðis og við umhverfi sitt; bygging og starfsemi lífvera; atferli

Tengsl við námsefni:
*Lifandi veröld*
*Náttúruverkefni*
*Refir*
*Villi mús* (PC forrit)
*Húsdýrin okkar*

Titill á frummáli: *Dog*

Þýðandi og þulur: Þorsteinn Helgason